

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/97

frá 11. júní 1997

um aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2479/95 ⁽²⁾, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum.

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2479/95 ber að verja leiðslurnar sem tengja skráningarbúnaðinn merkjasendingum, nema sambærileg vörn gegn handfjötlu sé veitt með öðrum hætti (t.d. með rafrænum eftirlitsbúnaði svo sem merkjadulritun). Samskeyti með innsigliðum tengingum teljast órofin.

Skráningarbúnaður sem settur er í öll ný ökutæki sem tekin eru í notkun fyrsta sinni eftir 1. janúar 1996 skal vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

Iðnaðurinn og framleiðendur vélknúinna ökutækja áttu í verulegum erfiðleikum með að setja varðar leiðslur í ökutæki í flokki M 1 og N 1, þar sem boð um hraða/fjarlægð berast um sambyggða nema eða ABS-nema.

Slíkir nemar eru ekki hannaðir með ísetningu varinnar leiðslu í huga. Nauðsynlegt er að heimila að tenging nema og aðlögunarbúnaðar með varinni leiðslu verði ekki skyldubundin, heldur skuli það aðeins eiga við um tengingu aðlögunarbúnaðar og skráningarbúnaðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 154, 12. 6. 1997, bls. 21, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/98 frá 30. janúar 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

(2) Stjttö. EB nr. L 256, 26. 10. 1995, bls. 8.

Þar af leiðandi er nauðsynlegt að breyta reglugerðinni í samræmi við það.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. tölul. í V. kafla I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

„Að því er varðar framkvæmd þessa tölulíðar eru ökutæki M 1 og N 1 skilgreind í A-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/156/EBE (*). Í þeim ökutækjum sem búin eru snúningshraðarita í samræmi við þessa reglugerð og ekki eru hönnuð þannig að hægt sé að koma fyrir varinni leiðslu milli fjarlægðar- og hraðanema og skráningarbúnaðar skal koma aðlögunarbúnaði fyrir sem næst fjarlægðar- og hraðanemum.

Koma skal varinni leiðslu fyrir milli aðlögunarbúnaðarins og skráningarbúnaðarins.

(*) Stjttö. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1996.